

Fundargerð 463. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, þriðjudaginn 7. maí kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Vestmannaeyjum.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2023 - 2401002HA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 22. mars 2024, en þá var afgreiðslu frestað og samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Kjörnir skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn og leggja til að hann verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með rafrænni undirritun stjórnarmanna.

2. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl. - 2403001HA

Lögð fram til kynningar sameiginleg umsögn Samband íslenskra sveitarfélaga og Hafnasambands Íslands til samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. apríl 2024, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, 830. mál. Formaður gerði grein fyrir málinu og sagði frá fundi með samgöngunefnd Alþingis vegna málsins.

Formanni falið að ræða við Vegagerðina um að teikna upp drög að mörkum hafnasvæða valinna hafna m.v. þær tillögur sem liggja fyrir í frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum.

3. Siglingaráð - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 45. fundar Siglingarráðs frá 8. febrúar 2024.

4. Drög að dagskrá Hafnasambandsþings - 2210002HA

Lögð fram drög að dagskrá Hafnasambandsþings 2024.

Fundi var slitið kl. 12:30